Nd. **297. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur á þingskjali 283.

Flutningsmaður: Ólafur Briem.

Við 1. tölul.: Á eftir orðunum »til samþykkis eða synjunar« bætist inn: Slík ósk um alþýðuatkvæði skal vera kominn í hendur landsstjórninni innan þriggja mánaða frá því er lögin eru afgreidd frá alþingi.

Nd. **298. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á fátækralögum 10. nóvember 1905.

Flutningsmenn: Björn Þorláksson og Pétur Jónsson.

1. Fyrsta grein frumvarpsins hljóði þannig:
   Ef samþykt er með meiri hluta greiddra atkvæða á lögmætum sveitarfundi, að veita einhverjum manni eða mönnum styrk úr sveitarsjóði til að leita sér eða sínum heilsubótar eða til að borga fæðiskostnað með barni, er skólaskylda hvílir á, og hreppsnefndin að því búnu veitir slíkan styrk, þá skal hann ekki talinn veittur framfærslumanni sem reglulegur sveitarstyrkur og ekki koma honum að neinu leyti til baga.
2. 1. gr. verður 2. gr.
3. 2. gr. verður 3. gr.

Nd. **299. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um sölu kirkjujarða 16. nóv. 1907.

Álit meiri hlutans.

Vér meiri hluti nefndarinnar leggjum til, að frumvarpið verði samþykt með þeim viðauka, að úthagar hjáleiganna séu með ákveðnum ummerkjum, og í öðru lagi, að álits umráðamanns og hreppstjóra skuli leitað um söluna.

Hvað hið fyrra atriði snertir, þá virðist oss það til glöggvunar við matsgerðina, að matsmönnum sé það vel ljóst, hve víðáttumikið landið er, sem meta skal og hvernig því er háttað. Auk þess fyrirbyggir það misklíð, sem annars gæti orðið á merkjagerð beitilands siðar. Að vísu er oss það ljóst, að jafnvel þótt merki séu sett um úthaga, þá verði notin samt sem áður sameiginleg allviðast, en þrátt fyrir það teljum vér réttara, að þessi aðgreining sé gerð á landi því er fylgir sölunni.

Að álits umráðamanns og hreppstjóra sé leitað í hverju einstöku tilfelli,